

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendahvarf, athafnasvæði. Tónahvarf 4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Kópavogs í umboði bæjarstjórnar 18. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahvarfs, athafnasvæðis, fyrir lóðina nr. 4 við Tónahvarf. Í breytingunni felst að lóðarmörkum Tónahvarfs 4 er breytt og ný lóð, Tónahvarf 4A, stofnuð innan núverandi lóðar Tónahvarfs 4. Kvöð um aðkomu að nýrri lóð er um Tónahvarf 4. Fyrirkomulag bílastæða Tónahvarfs 4 breytist en bílastæðafjöldi helst óbreyttur. Lóð Tónahvarfs 4 minnkar úr 4.823 m² í 4.566 m² og hámarksnýtingarhlutfall á lóðinni hækkar úr 0,6 í 0,64. Heimilt hámark byggingarmagns helst óbreytt. Ný lóð, Tónahvarf 4A, verður 257 m² að flatarmáli. Á henni er gert ráð fyrir fjarskiptamastri, einu bílastæði ásamt athafnasvæði.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kjóavellir. Landsendi 31. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Kópavogs í umboði bæjarstjórnar 4. júlí 2024 breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla fyrir lóðina nr. 31 við Landsenda. Í breytingunni felst að komið er fyrir nýjum byggingarreit um 30,8 m að þvermáli fyrir nýjan 4.000 m³ miðlunargeim norðan megin við núverandi vatnstank á svæðinu sem er að mestu leyti óhreyft. Fyrirhugaður nýr miðlunargeymir verður að sömu stærð og núverandi tankur. Lóðin stækkar til norðvesturs um 5.125 m², aðkoma helst óbreytt en fyrirkomulag bílastæða breytist.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. júlí 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.